Kjarvalsstaðir:

Sýning á verkum fimm finnskra vefnaðarlistamanna


Í DAG klukkan 15 verður opnuð á Kjarvalsstöðum listsýning, þar sem fimm listakonur frá Finnlandi sýna vefnað. Textíllistakonurnar eru þær Kristi Rantanen, Irma Kukkasjärvi, Lea Eskola, Eeva Renvall og Airi Snellman-Hänninen, allar í röð fremstu listamanna Finna. Þóra Kristjánsdóttir, listráðunautur Kjarvalsstaða, sagði í samtali við blaðamann Morgunblaðsins, að þær hefðu sýnt verk sín víða um heim, í Skandinavíu, Suður-Ameríku og víðar, og hefði sýning þeirra hvarvetna vakið feikna athygli.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum nú eru 34 verk, mörg þeirra mjög stór og nýstárleg. Sýningin var upphaflega sett saman af Norrænu menningarmiðstöðinni í Sveaborg, og hefur síðan verið sett upp á öllum Norðurlöndunum. Tvær finnsku listkvennanna, þær Airi Snellman-Hänninen og Kristi Rantanen, eru nú staddar hér á landi og verða við opnun sýningarinnar, og þær hafa stjórnað uppsetningu hennar. Öll verkin á sýningunni eru til sölu.

Þær Rantanen og Snellman-Hänninen sögðu í stuttu spjalli við blaðamann Morgunblaðsins, að þær litu öðrum þræði á sig sem brautryðjendur í listgreininni, þótt vefjarlist stæði á gömlum merg í Finnlandi. Fólki væri ekki ljóst hve miklir möguleikar byggju í þessari listgrein, og eins teldu þær mikilvægt að sýna arkitektum fram á þá möguleika, sem textíllist gefur, til dæmis í skreytingu opinberra bygginga. Verkin væru ekki síst gerð með slíkar byggingar í huga, þau væru stærri en svo að þau færu inn á venjuleg heimili.



Airi Snellman-Hänninen við eitt verka sinna, sem hún var að hengja upp er Morgunblaðsmenn voru á ferðinni.



Morgunblaðið/ Emilia Björnsdóttir

Kristi Rantanen við eitt verka sinna á sýningunni á Kjarvalsstöðum, sem verður opnuð í dag, laugardag.

SVARTI SVANURINN
DELICIOUS
epli
bessi sætu & safaríku
eru nú aftur fáanleg
EGGERT KRISTJÁNSSON HF
Sundagörðum 4, simi 85300
MYNDAMÓT